

2. október 2018

FUNDARBOÐ

Aðalfundur HAUST 2018

Hér með er boðað til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs.

miðvikudaginn 24. október 2018 kl. 13:30

Fundurinn verður haldinn í Tehúsinu, Kaupvangi 17 á Egilsstöðum

Drög að dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2017
2. Ársreikningar 2017 lagðir fram
3. Umræða um liði 1 og 2
4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár
5. Gjaldskrá HAUST nr. 1026/2015
6. Umræður um gjaldskrá og fjárhagsáætlun
7. Ný heilbrigðisnefnd tekur til starfa
8. Tillögur að breytingu á stofnsamþykkt byggðasamlagsins
9. Kjörinn löggiltur endurskoðandi
10. Kjörnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og jafnmargir til vara
11. Önnur mál

Fundargögn og endanleg dagsrá verða send þegar nær dregur að lágmarki viku fyrir fund.

Með fylgja upplýsingar um fjölda atkvæða/fulltrúa hvers sveitarfélags á aðalfundi og þær greinar stofnsamnings er lúta að aðalfundi.

Óskað er eftir að aðildarsveitarfélög sendi til HAUST upplýsingar um hvaða fulltrúar sitja aðalfund og fara með atkvæði fyrir þeirra hönd í síðasta lagi 17.10. nk. á netföngin haust@haust eða leifur@haust.is

2. október 2018



Fundarboðið er aðeins sent í tölvupósti.

Tafla yfir fjölda atkvæða/fulltrúa sveitarfélaga á aðalfund HAUST 2018

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2018*	Fjöldi atkvæða á aðalfundi 2018
Vopnafjarðarhreppur	655	3
Fljótsdalshreppur	76	1
Fljótsdalshérað	3.547	11
Seyðisfjarðarkaupstaður	676	3
Borgarfjarðarhreppur	108	1
Fjarðabyggð**	4.885	15
Djúpavogshreppur	461	2
Hornafjörður	2.306	8
Alls	12.714	44

*skv. heimasíðu Hagstofunnar

** íbúar í Breiðdalshreppi meðtaldir

Úr stofnsamningi:

Úr 8.gr.

Aðalfundur HAUST skal haldinn eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Skal miða við það að dreifa staðsetningu aðalfundanna um starfssvæðið. Til aðalfundar boðar stjórn eigi síðar en þrem vikum fyrir fundardag. Eigi síðar en 1. nóv. og a.m.k. einni viku fyrir aðalfund skal öllum aðildarsveitarfélögum hafa verið send dagskrá hans, ársreikningar fyrir næstliðið starfsár og fjárhagsáætlun þar sem fram kemur áætlað framlag hvers og eins aðildarsveitarfélags og áætlaðar breytingar milli ára m/v niðurstöðutölu áætlunarinnar. Með samþykkt fjárhagsáætlunar er jafnframt ákveðið heildarframlag aðildarsveitarfélaganna fyrir viðkomandi starfsár.

Úr 9.gr.

Sérhver sveitarstjórn á starfssvæði HAUST kýs árlega a.m.k. einn fulltrúa og annan til vara á aðalfund og aðra fulltrúafundi. Séu fulltrúar fleiri en einn skal getið um skiptingu atkvæða milli þeirra á kjörbréf

Fjöldi íbúa:	Fj. Fulltrúa a.m.k.:	Viðbót:	Vægi atkv.:
0 - 200	1		1
201 - 550	1	1	2
551-900	1	2	3
901-1250	1	3	4
1251-1600	1	4	5
1601-1950	1	5	6
1951-2300	1	6	7
2301-2650	1	7	8
2651-3000	1	8	9
3001-3350	1	9	10
3351-3700	1	10	11
3701-4050	1	11	12
4051-4400	1	12	13
4401-4750	1	13	14